

Fyrirspurn

til mennta- og barnamálaráðherra um fræðslu félaga- og hagsmunasamtaka í leik- og grunnskólum.

Frá Birgi Þórarinssyni.

1. Hvaða reglur gilda um heimsóknir og fræðslu félaga- og hagsmunasamtaka í leik- og grunnskólum landsins?
2. Samræmist það aðalnámskrá grunnskóla að aðrir en kennarar taki að sér fræðslu í grunnskólum, t.d. hagsmunasamtök? Hvaða kröfur eru gerðar um kennsluréttindi aðila utan kennara skólanna sem taka að sér fræðslu í grunnskólum?
3. Er allt kennsluefni sem notað er í leik- og grunnskólum, svo sem bækur, veggspjöld og annað efni af því tagi, yfirfarið og samþykkt af Menntamálastofnun? Við hvaða reglur og viðmið styðst stofnunin við mat á gæðum kennsluefnis og hvort kennsluefni sé við hæfi barna?
4. Er foreldrum leik- og grunnskólabarna gefinn kostur á að kynna sér fræðsluefni sem lagt er fyrir nemendur leik- og grunnskóla, þ.m.t. frá félaga- og hagsmunasamtökum, áður en kennsla hefst? Ber börnum í leik- og grunnskólum skylda til að sækja fræðslu félaga- eða hagsmunasamtaka sem fer fram innan skóla?
5. Hvaða félaga- og hagsmunasamtök hafa fengið heimild til að heimsækja og fræða börn í leik- og grunnskólum? Hefur verið gerð krafa um að fulltrúar slíkra samtaka hafi kennsluréttindi?

Skriflegt svar óskast.